FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRAÞJÁLFARA

Reykjavík, 19. mars 1997

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Össurs Skarphéðinssonar, formanns.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1223
komudagur 25/3 1997

**Umsögn um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.**

Stjórn Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSÞ) hefur fjallað um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.
Eins og kom fram í umsögn stjórnar félagsins frá 19. apríl 1996 fagnar stjórnin framkomnu frumvarpi og fagnar nú þeim breytingum sem gerðar hafa verið á 3. grein frá fyrra frumvarpi. Stjórnin hefur engar athugasemdir við frumvarpið eins og það lítur út nú og telur að ef frumvarpið verði að lögum, verði það til hagsbóta fyrir sjúklinga og styrki réttarstöðu þeirra eins og fram kemur í markmiðum frumvarpsins.

Stjórnin hefur nú þegar kynnt frumvarpið fyrir félagsmönnum sínum og vonast til þess að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,

f.h. sjórnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara,

Sigrún Knútsdóttir

Sigrún Knútsdóttir, formaður.

LÁGMÚLI 7
108 REYKJAVÍK

BOX 5023
125 REYKJAVÍK

SÍMAR 568 7661
FAX 588 9239